



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skipulags- og umhverfisnefnd

10. fundur

Fundur haldinn í Skipulags- og umhverfisnefnd mánudaginn 21. nóv. 2011 kl. 9:00, í Hótel Reyhlið. Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Karl Emil Sveinsson, Birgir Steingrímsson, Eyrún Björnsdóttir og Pétur Snæbjörnsson.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði fram tillögu að breytingu á dagskrá á þann veg að liður 3, erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Graddabungu færðist ofar og yrði liður 2 en liður 2, aðalskipulag færðist neðar og yrði liður 3 á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Graddabungu ehf. ósk um tengingu við veitnakerfi hreppsins.

Graddabunga ehf. kt. 570511-0680 óskar eftir að tengja skemmuna sem er við gömlu fjárhúsin í Reyhlið við veitnakerfi hreppsins, hita-, vatns og fráveitu. Samþykkt samhljóða. Eyrún og Pétur viku af fundi við afgreiðslu þessa liðs.

3. Aðalskipulag

Farið var yfir athugasemdir sem komið hafa fram og afstaða tekin til þeirra.

4. Umsögn um drög að skipulagsreglugerð

Nefndin lýsir ánægju sinni með þau drög sem fram eru komin og gerir ekki athugasemdir.

5. Önnur mál.

- Hitaveita Reykjahlíðar
 - Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar, að við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs verði gert ráð fyrir verulegri hækkun gjaldskrár hitaveitunnar þannig að tryggja megi endurnýjun veitunnar, skv. fyrirliggjandi áætlun.

- Umhverfisstefna sveitarfélagsins
 - Skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til sveitarstjórnar að vinnu við umhverfisstefnu Skútustaðahrepps verði lokið sem fyrst.
- Leyfismál í ferðapjónustu
 - Í ljósi umfjöllunar um leyfismál í ferðapjónustu á landinu beinir skipulags- og umhverfisnefnd því til sveitarstjórnar að kanna stöðu þessara mála í Mývatnssveit í samvinnu við sýslumannsembættið á Húsavík.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 10.30

Margrét Hólm Valsdóttir
Birgir Steingrímsson
Karl Emil Sveinsson
Eyrún Björnsdóttir
Pétur Snæbjörnsson